

# **Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Arnardal í mynni Skutulsfjarðar**

**Ragnar Edvardsson**

**Bolungarvík 2021**

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Inngangur .....                    | 3  |
| Tilgangur fornleifaskráningar..... | 3  |
| Aðferðafræði .....                 | 4  |
| Fornleifaskrá.....                 | 4  |
| Niðurstöður.....                   | 12 |
| Heimildir .....                    | 13 |

## Inngangur

Að beiðni Bjarnar Davíðssonar, hjá Snerpu ehf., tók undirritaður að sér að kanna fornleifar á tilvonandi framkvæmdasvæði vegna lagningar ljósleiðara í landi Fremri Arnardals í mynni Skutulsfjarðar. Framkvæmdasvæðið er nær allt innan túnstæðis Fremri Arnardals (mynd 2). Fornleifakönnun fór fram í júní 2021 og sá Ragnar Edvardsson um vettvangsvinnu svo og frágang gagna og skýrsluskrif.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdasvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

## Aðferðafræði

Fornleifaskráningunni var skipt í tvo hluta; heimildakönnun og vettvangsskráningu. Við heimildakönnun var farið yfir helstu ritaðar heimildir, þ.e. jarðabækur, fornbréfasafn, örnefnaskrár, túnakort, osfrv. Við skráningu á vettvangi var gengið eftir framkvæmdasvæðinu og þær minjar sem þar var að finna skráðar, ljósmyndaðar og mældar upp með gps stöð. Unnið var með gögnin í landupplýsingaforritinu Qgis.

## Fornleifaskrá

### 138004 Neðri Arnardalur

24 hundruð að dýrleika. "Katla hét kona, er bjó í Arnardal. Hon var ekkja. Hana hafði átt maðr sá, er Glúmur hét. Dóttir hennar var Þorbjörg. Hon var heima með móður sinni. Þorbjörg var kurteis kona ok eigi einkar væn, svart hár ok brýnn, - því var hon kölluð Kolbrún, - vitrlig í ásjánu ok vel litkuð, limuð vel ok grannvaxinn ok útfætt, en eigi alllæg." [Ísl.sög. V, 249-251]. [1460] "Einar Markússon selr Jóni Erlingssyni sex hundruð í jörðinni Arnardal enum neðra í Skutilsfirði fyrir tólf hundruð í ganganda fé og lausafé, og lýsir Einar landamerkjum." [D.I.V.210-211]. [1461] "Einar Markússon og Gró Jónsdóttir kona hans selja hústrú Ólofu Loptsdóttur og Birni Þorleifssyni jörðina Arnardal hinn mera að frá teknum sex hundruðum, er seld voru áður Jóni Erlingssyni, fyrir jörðina Hanhól í Bolungarvík og þar til átta kúgildi." [D.I.V.231-233]. [1509] "Dómr tólf manna útnefndur af Jóni lögmanni Sigmundssyni um tilkall Jóns Jónssonar, Þorlákssonar, til arfs eptir Sólveigu Björnsdóttur á hedr Birni Guðnasyni og dæma þeir gögn Björns ríkari, svo og dæma þeir Birni umboð Einars Ólafssonar, Filippussonar... Er jörðin avgr með þeim jörðum þar til liggia. Eyr i seydesfirde. Arnardalvr..."

### 138004-1

**Sérheiti:** Heimabær

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Bæjarhóll

**Staðsetning:** 628072N 316971E

**Staðhættir:** "Þessari jörð er sundur skift í 3 bæi, og er heimabærinn helmingur allrar jarðarinnar, hinir bæirnir tveir er annar helmingurinn, fjórðungur allrar jarðarinnar hvör um sig og hafa þeir sín nöfn út af, en heimabærinn beheldur bæjarnafninu." (Á.M.VII.bls166) "Munnmæli manna herma að þar hafi búið maður er Arnar hét og sé hann heygður í hól sunnan túnfótar (sjá Arnarhól). Bæjarflöt. Er hápunktur túns og miðsvæði túns og túna. Út frá henni



Mynd 1. Neðri Arnardalur árið 1918. (Heimild: Túnakort Arnardals).

liggja hólar og börð til allra átta. Efst á henni voru bæjarhúsin. Bæjarhóll. Gengur upp til Bæjarmýrar." (Örnefnaskrá Arnardals)

**Minjalýsing:** Ekki sést til neinna fornleifa. Bæjarstæðinu hefur verið umturnað af framkvæmdum og stendur nú stórt fjós á þeim stað þar sem bæjarhúsin stóðu áður. Fjósið hefur verið innréttað sem gistihús.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-2**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628080N 316983E

**Staðhættir:** Samkvæmt heimildum stóðu tvö útihús rétt norðaustan við bæjarhús Heimabæjar. Miklar framkvæmdir hafa umbreytt svæðinu.

**Minjalýsing:** Ekki sést til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-3**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 624461N      313585E

**Staðhættir:** Samkvæmt heimildum stóðu tvö útihús rétt norðaustan við bæjarhús Heimabæjar. Miklar framkvæmdir hafa umbreytt svæðinu.

**Minjalýsing:** Ekki sést til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

## **138004-4**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628058N      316955E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum var kálgarður rétt suðvestan við bæjarhúsin, á þeim stað þar sem fjós stendur nú.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

## **138004-5**

**Sérheiti:** Ytrihús

**Hlutverk:** Bæjarstæði

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628226N      317168E

**Staðhættir:** "Ytrehus, og so kallaður Arabær. Þetta er fjórði partur jarðarinnar, hefur í fyrstu verið hjáleiga, bygð úr heimatúninu fyrir 18 árum, að öllu leyti óútskift, nema hvað leiguliðar deila sín í milli." [Á.M.VII.bls.167] "Flöt - Heimabæjarflöt. Liggur neðan Bæjarflatar, allt út í nes. Framhald af henni er því Ytrihúsaflöt, Nesflöt (Timburflöt) og Gerði." [Örnefnaskrá Arnardals]. Síðasti bærinn er nú notaður sem sumarbústaður en gamla bæjarstæðið stóð um 70 metra suðvestan hans. Allt svæðið hefur verið sléttað og raskað af framkvæmdum.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

## **138004-6**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628266N      317195E

**Staðhættir:** Samkvæm heimildum stóð útihús norðaustan við gamla bæjarstæðið, svo til mitt á milli þess og núverandi íbúðarhúss. Allt svæðið hefur verið sléttað.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-7**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628196N      317221E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóð útihús suðaustan við bæjarstæðið, alveg upp við túngarð. Svæðið hefur verið sléttað og bæði útihúsið og túngarðurinn horfinn á þessu svæði.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-8**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628123N      317185E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóðu tvö útihús vestast í túninu, svo til mitt á milli bæjarstæða Heimabæjar og Ytrihúss, alveg upp við túngarð. Svæðið hefur verið sléttað.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**136004-9**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627840N      316958E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóðu tvö útihús vestast í túninu, svo til mitt á milli bæjarstæða Heimabæjar og Ytrihúss, alveg upp við túngarð. Svæðið hefur verið sléttað.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-10**

**Sérheiti:** Fremrihús

**Hlutverk:** Bæjarstæði

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 628102N 317174E

**Staðhættir:** "Fremrehús. Þetta er sá þriðji bærinn byggður fyrir manna minni við heimatúnið, og er þessi og so talin fjórðungur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi c, og so tíundast" [Á.M.VII.bls.167]. " Gamli bærinn var nokkuð suður frá núverandi íbúðarhúsi. Fjós og hlaða á sama stað og nú er neðan hlaðvarpa." (Örnefnaskrá Fremri Arnardals). Svæðið er mikið raskað og bæði vegna framkvæmda við núverandi íbúðarhús, fjós og hlöðu.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-11**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627856N 316956E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum var kálgarður rétt norðan við bæjarstæðið. Svæðið er allt raskað af nútíma framkvæmdum.

**Minjalýsing:** Ekki sást til neinna fornminja.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-12**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Bústaður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627731N 316897E

**Staðhættir:** "Smíðjutún. Á Hóltungunum. Smíðjubrekka. Smíðjugarður. Smíðjumóur. Rani. Garðshorn. Þurrabýli í suðurhorni túns. Suðvestur af bæjarstæði Fremrihúsa í sléttuðu túni.

**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-13**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627755N      316894E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóðu tvö útihús og bústaður (138004-12) í röð suðvestan bæjarstæðis Fremrihúsa. Sléttað tún.

**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-14**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627788N      316889E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóðu tvö útihús og bústaður (138004-12) í röð suðvestan bæjarstæðis Fremrihúsa. Sléttað tún.

**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-15**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627943N      316901E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóð útihús norðvestan við bæjarstæði Fremrahúss, við túngarð sem skipti túnnum Heimabæjar og Fremrahúss. Sléttað tún

**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-16**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 627879N      317031E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum stóð útihús norðaustan við bæjarstæði Fremrahúss. Sléttað tún

**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-17**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** 627975N      316862E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum skipti túngarður túnnum Fremrahúss og Heimabæjar. Sléttað tún. Túngarðurinn er nær allur horfinn vegna túnasléttu og er aðeins lítð brot eftir vestast, rétt við heimreiðina að Fremrahúsi.

**Minjalýsing:** Garðurinn stendur gróinn, 9 x 1 metrar að stærð.

**Hættumat:** Engin hætta

**138004-18**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** 628003N      317155E

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum umlukti túngarður bæjarstæðin, nema sjávarmegin. Leyfar þessa túngarðs sjást á nokkrums stöðum. Stærsta brotið er austast í gamla túninu, alveg upp við lítinn trjálund sem hefur verið ræktaður í jaðri túnstæðisins.

**Minjalýsing:** Garðurinn stendur gróinn og er grjóthlaðinn. Hleðsluhæð er frá 1 – 1,50 metrar.

**Hættumat:** Engin hætta


**138004-19**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** 628303N      317195E



Mynd 2. Skráðir minjastaðir í landi Neðri Arnardals.

**Staðhættir:** Samkvæmt rituðum heimildum umlukti túngarður bæjarstæðin, nema sjávarmegin. Leyfar þessa túngarðs sjást á nokkrums stöðum. Lítið brot túngarðsins sést nyrst við gamla túnstæðið, alveg upp við núverandi íbúðarhús Ytrihúss. Liggur niður að þjóðvegi.

**Minjalýsing:** Garðurinn stendur gróinn og er hleðsluhæð 80 sentímetrar.

**Hættumat:** Engin hætta

## 138004-19

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** 628268N      317177E

**Staðhættir:** Lítið garðlag sést í túninu á milli gamla bæjarstæðis Ytrihúss og sumarbústaðarins.

**Minjalýsing:** Garðurinn stendur gróinn og er hleðsluhæð 50 sentímetrar.

**Hættumat:** Engin hætta

## Niðurstöður

Ritaðar heimildir benda til þess að búið hafi verið nær óslitið á Fremra Arnardal frá landnámi fram á daginn í dag (Ísl.sög.). Upphaflega var Fremri Arnardalur ein jörð en skiptist svo í þrjá bæi, Heimabær, Fremrihús og Ytri hús (mynd 1). Heimildir benda til að fyrst hafi Fremrihús byggst úr jörðinni og er líklegt að það hafi gerst í lok miðalda en Ytri hús byggðust ekki fyrr en á 17. öld (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940).

Við fornleifaskráninguna fundust engar minjar sem voru í ljósleiðararstæðinu en 20 minjastaðir voru skráðir (mynd 2). Flestir þessara minjastaða eru horfnir en enn sjást rústir 4 minjastaða (138004-17, 18, 19 og 20) og er enginn þeirra í hættu vegna framkvæmda við ljósleiðarann (mynd 2). Á einum stað fer ljósleiðarinn yfir svæði þar sem samkvæmt rituðum heimildum stóð áður útihús (138004-16) en við vettvangskonunnun sást engar fornminjar.

## Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók, VII. bindi. Reykjavík.

J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn, 1847.

Diplomatarium Islandicum [D.I.]. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörning, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn II-VIII. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík., 1857-1950.

Íslendinga sögur, V. Reykjavík 1953.

Örnefnaskrá Fremra Arnardals.

Túnkort Fremra Arnardals.